
Markaðspunktar í dag:

- K-orðs vísitalan uppfærð: Áfram bati þrátt fyrir krepputal í kosningum


K-orðs vísitalan uppfærð: Áfram bati þrátt fyrir krepputal í kosningum

Síðasta haust birti greiningardeild K-orðs vísitöluna svokölluðu í fyrsta sinn (sjá **Fjölmiðlaumfjöllun gefur góða samtímamynd af hagkerfinu**), en hún byggir á sambærilegri vísitölu sem breska vikublaðið The Economist fann upp á; *R-word index*. Vísitalan er mjög einföld að gerð og byggir á því að telja hversu margar fréttir eða greinar innihalda orðið „kreppa" (e. recession) á gefnu tímabili. The Economist taldi fréttirnar sem innihéldu orðið í dagblöðunum Washington Post og New York Times á hverjum fjórðungi, en vísitala greiningardeildar inniheldur fréttir allra íslenskra prent- og ljósvakamiðla á mánaðargrundvelli eins og þær birtast í ítarleit Fjölmiðlavaktarinnar.



Heimild: Fjölmiðlavaktin og greiningardeild Arion banka

Við höfum nú uppfært vísitöluna, en nýjustu mælingarnar benda til þess að krepputal sé enn á hægu en stöðugu undanhaldi. Leitnin í tíðni kreppufrétta hefur legið niður á við síðan hún náði hámarki í hrunmánuðinum október 2008. Nú er svo komið að í júní síðastliðnum birtust „aðeins" 59 fréttir þar sem minnst var á kreppu, eða innan við tvær á dag. Kreppufréttir hafa raunar ekki verið jafnfáar síðan áhyggjulausa árinu 2007 lauk, en í desember það ár birtust 55 kreppufréttir – og fór fjölgandi eftir það.




Heimild: Fjölmiðlavaktin og greiningardeild Arion banka

Athygli okkar vakti áberandi toppur á notkun orðsins *kreppa* í aprílmánuði síðastliðnum, en þá var orðið notað í um 75% fleiri fréttum og greinum en í mánuðunum rétt á undan og eftir. Skýringarinnar er þó ekki að leita í því að sérstök kreppa hafi ríkt á landinu einmitt þennan mánuð, heldur teljum við líklegra að stjórnmálaflokkar og stuðningsfólk þeirra hafi reynt að afla eigin málstað fylgis (eða koma höggi á andstæðar fylkingar) með skrifum um kjörtímabilið sem leið – og þá hafi kreppuhugtakið oft skotið upp kollinum.


Lausleg athugun á fréttum tímabilsins rennir stoðum undir þessa kenningu, en þar má finna fjöldann allan af pistlum og fréttum tengdum kosningunum þar sem fjallað er um frammistöðu stjórnmálamanna *í kreppunni*, og hvað þurfi að gera til að koma landinu *úr kreppu*. Þá voru jafnframt einhverjir sem lýstu því yfir að stjórnmálin eða einstakir stjórnmálaflokkar væru *í kreppu*, án þess að orðanotkunin hefði beint með efnhagsástandið að gera. Nokkuð dró úr krepputali af þessum toga um leið og kosningunum lauk.

K-orðs vísitalan er út af fyrir sig áhugaverð tölfræði, en hún getur jafnframt gagnast við að leggja mat á ástand hagkerfisins á hverjum tíma. Í fyrsta lagi sjá fjölmiðlar efnahagsástandið með berum augum og greina frá erfiðum aðstæðum fólks í skuldavanda, matarúthlutunum, fjöldauppsögnum o.fl., í öðru lagi greina þeir frá hagmælingum víða að og í þriðja lagi leita þeir iðulega viðhorfa fjölda sérfræðinga. Með því að mæla tíðni orða sem eru líklegri að birtist í fréttum þegar efnahagsástandið er slæmt er þannig hægt að taka saman í eina vísitölu fjölda heimilda um efnahagsástandið sem eiga rætur sínar að rekja mjög víða. Vísitalan hefur einnig þann kost að vera bæði einföld og fljótleg í mælingu, svo hægt er að nálgast samtímaupplýsingar um hagkerfið með mun minni tilkostnaði en hefðbundnar hagmælingar bjóða upp á – þótt auðvitað sé vísitalan fjarri því að vera fullkomlega áreiðanleg.



Heimild: Fjölmiðlavaktin, Hagstofa Íslands og greiningardeild Arion banka

Það er engu að síður skýr fylgni á milli hagvaxtar og fjölda kreppufrétta (um -0,84 þegar útgildinu á þriðja ársfjórðungi 2008 er sleppt). Til viðbótar má geta þess að frá árinu 2006 hefur aldrei mælst neikvæður hagvöxtur þegar færri en 300 kreppufréttir hafa birst á fjórðungi. Það er vonandi til marks um að hagkerfið hafi ekki dregist saman á fjórðungnum sem leið þrátt fyrir að verulega hafi hægt á hagvexti frá miðju síðasta ári, en 227 kreppufréttir birtust á öðrum fjórðungi ársins.



Heimild: Fjölmiðlavaktin, Gallup og greiningardeild Arion banka

Þá er jafnframt ljóst að væntingar og kreppufréttir hreyfast í takt, en batinn í væntingum hefur haldist í hendur við fækkun kreppufrétta. Sennilegast ræður endurvarp á milli fréttaflutnings og væntinga því hversu náið stærðirnar hreyfast saman. Einfalt tölfræðipróf[1] hefur þó leitt í ljós að fréttaflutningur hefur betra forspárgildi um væntingar en öfugt. Til marks um þessi nánu tengsl rauf væntingavísitala Gallup hundrað stiga múrinn í maí síðastliðnum og náði þar með hæsta gildi frá falli íslensku

[1] Granger orsakapróf, sjá nánar í markaðspunktinum **Fjölmiðlaumfjöllun gefur góða samtímamynd af hagkerfinu**.

viðskiptabankanna um leið og kreppuvísitalan seig í lægsta gildi sitt svo árum skipti.

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka		
Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Brynjar Ólafsson	brynjar.olafsson@arionbanki.is	444-6262
Elvar Ingi Möller	elvar.moller@arionbanki.is	444-6981
Erna Sverrisdóttir	erna.sverrisdottir@arionbanki.is	444-6991
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959
Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir		

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar Markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt og ekki skal líta á efnið sem ráðgjöf um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármálagerninga sem umfjöllunin kann að varða, beint eða óbeint. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum Markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt. Einnig skal bent á að árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is